

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 95/98
frá 25. september 1998

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
37/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða
samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi
upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn skal einnig gilda um hið sameinaða konungsríki
Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi⁽²⁾.

Tilskipun ráðsins 97/74/EB frá 15. desember 1997 um rýmkun tilskipunar 94/45/EB um
stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er
starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn, þannig að hún
nái til hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands⁽³⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 260.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22.

Stjarnan í 27. lið (tilskipun ráðsins (94/45/EB) í XVIII. viðauka falli niður.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 27. lið (tilskipun ráðsins 94/45/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0074:** Tilskipun ráðsins 97/74/EB frá 15. desember 1997 (Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/74/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

